

Nd.

388. Tillaga til þingsályktunar

[150. mál]

um kjarnfóðurframleiðslu.

Flm.: Bergur Sigurbjörnsson, Gils Guðmundsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að láta sérfræðinga athuga og gera tillögur um það, ríkissjóði að kostnaðarlausu, hvernig megi á hagkvæm-astan hátt framleiða hér á landi allt það kjarnfóður (skepnufóður), sem búvöru- framleiðendur þarfnast.

Skal þeirri athugun og tillögum sérfræðinganna, sem hér um ræðir, hraðað svo, að unnt sé að leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi frumvarp um stofnun hluta- félags til kjarnfóðurframleiðslu, og sé við það miðað að hefja framkvæmdir eigi síðar en sumarið 1955.

Greinargerð.

Það ætti vart að þurfa að taka það fram, sem vitað er, að um alllangt skeið höfum við Íslendingar eytt verulegum fúlgum af torfengnum erlendum gjaldeyri til kaupa á erlendu fóðri handa búsmala landsmanna. Var í því skyni einnig varið verulegum upphæðum af gjafafé því, sem ríkisstjórnir síðustu ára báðu um og þágu úr höndum erlendra valdhafa, sbr. skýrslur, sem stjórnarblöðin hafa öðru hverju birt um ráðstöfun þess fjár.

Sem dæmi um þennan innflutning á kjarnfóðri má nefna, að árið 1951 voru fluttar til landsins rúmlega 12 þúsund smálestir af fóðurvörum fyrir 20 millj. kr., en árið 1952 voru fluttar inn um 14400 smálestir fyrir rúmlega 24.5 millj. kr.

Það ætti ekki heldur að vera þörf á að rökstyðja það nákvæmlega, sem öllum ætti að vera ljóst, að það er algerlega rangt mat á þeim lífsskilyrðum, sem Ísland hefur að bjóða, að telja óhjákvæmilegt og nauðsynlegt að flytja inn fóðurvörur í þeim mæli, sem að framan greinir, til að halda lífinu í kvikfénaði á Íslandi og hafa af því sæmilegan arð. Sérfróðir menn íslenzkir hafa birt um það margar fróð- legar ritgerðir, hvernig auðveldast og með beztum árangri mætti rækta hér græn- fóður og ýmsar gras- og korntegundir, sem fyllilega gætu komið í staðinn fyrir innflutt maismjöl til framleiðslu á fóðurblöndum í kjarnfóður.

Það er ljóst af tilraunum íslenzkra búnaðarfrömuða, að ræktun sandanna er miklum mun óýrari en sú ræktun mýrlendis, sem til þessa hefur verið talin sjálf- sögðust. Hefur þá og í ljós komið, að uppskera af sandræktinni hefur verið sízt minni en af mýrlendi, og mundi þó vafalaust stóraukast og verða árvissari, ef gróð- ursett væru skjólbelti í slíkum ræktunarlöndum. Benda öll rök til, að með þessu móti sé fundin leið til að framleiða innlent kjarnfóður, sem að gæðum og verði gæti verið a. m. k. fyllilega sambærilegt við erlent kjarnfóður, ef um framleiðslu í stórum stíl væri að ræða, eða svipað magn og að framan greinir um innflutning síðustu ára.

Kjarnfóður það, sem flutt er til landsins, er fyrst og fremst gefið mjólkurkúm, eins og vitað er, en ekki kindum, nema um heyleysi og harðindi sé að ræða.

Nú háttar svo til hér á landi, að aðalmjólkurframleiðslusvæðið nær frá Austur-Skaftafellssýslu til Mýrasýslu. Á þessu svæði eru stór óræktuð sandasvæði, t. d. í Rangárvallasýslu og víðar, sem vel væru fallin til þeirrar ræktunar, sem hér um ræðir. Þá er í flestum fiskiverum við Faxaflóa framleitt fiski- og síldarmjöl, sem nota má í fóðurblöndur með þeim gras- og korntegundum, sem rækta mætti á þessu svæði, en einmitt slíkar fóðurblöndur eru eitt hið bezta kjarnfóður, sem fáanlegt er. Skilyrðin til kjarnfóðurframleiðslu virðast því hin ákjósanlegustu á þessu svæði, ekki sízt þegar tekið er tillit til þess, hve flutningaleiðir á meginmagn- inu af kjarnfóðrinu yrðu stuttar, samanborið við flutninga frá Ameríku að við- bættri dreifingu frá Reykjavík um allt þetta svæði.

Fljótt á litið gæti því það eitt verið undrunar- og umhugsunarefni í sambandi við þetta mál, að ekki skuli þegar hafa verið hafizt handa um að hrinda því í framkvæmd, og þó alveg sérstaklega, ef hafðir eru í huga gjaldeyriserfiðleikar landsins nokkur undanfarin ár, sem m. a. hafa birzt í sárniðurlægjandi gjaldeyrissnikjum. Það er þó engin smáupphæð á okkar mælikvarða að spara um eða yfir 20 millj. kr. árlega í erlendum gjaldeyri, og mundi þó fyrst sjá verulega stað, ef slíkri upphæð væri árlega varið til eflingar atvinnulífi landsmanna og nýrra atvinnugreina í stað matgjafar handa búfé.

Hitt er svo jafnmikil nauðsyn, að menn geri sér grein fyrir því, að svo mikið fjármagn þarf til að hrinda af stað þeim framkvæmdum, sem hér um ræðir, að ósannngjarnt væri að ætlast til þess, að hændur landsins gætu einir lagt það fram úr eigin sjóðum. Er það og brýnt hagsmunamál og nauðsynjamál þjóðarinnar allrar, að fundin sé viðunandi lausn hvarvetna þar, sem rök virðast hníga að því, að spara mætti hinn torfengna og dýrmæta erlenda gjaldeyri, sem oft og tíðum er aflað með miklu erfiði og stórum fórnnum.

Telja því flutningsmenn þessarar tillögu það eðlilegasta og æskilegasta lausn þessa máls, að ríkissjóður og stéttarsamtök bænda (Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda) mynduðu hlutafélag til framleiðslu kjarnfóðurs á sama hátt og flutningsmenn hafa lagt til um framleiðslu áburðar og legði ríkissjóður fram meiri hluta af hlutafé fyrirtækisins.

Eins og tillagan ber með sér, ætlumst við flutningsmenn hennar að sjálfsögðu til, að öll þau atriði, sem hér hefur verið drepið á, og raunar fleiri verði athuguð gaumgæfilega af þeim sérfræðingum, sem falið væri að rannsaka málið og gera tillögur um það, en við viljum leggja ríka áherzlu á, að þeirri athugun verði hraðað af fremsta megni, vegna þess að sá háttur, sem nú er hafður um þessi mál, leiðir aðeins að nauðsynjalausu til aukinnar fátæktar þjóðarinnar.